



**Viðtakandi:** Borgarráð  
**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjórnar

Reykjavík, 12. febrúar 2026  
MSS26020064

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

### Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um afdrif tillagna Reykjavíkurráðs ungmenna frá 2024 og 2025

Á fundi borgarráðs 12. febrúar 2026 lögðu borgarráðsfulltrúar fram svohljóðandi fyrirspurn:

Á fundi borgarráðs 30. janúar 2025 óskuðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir greinargerð um afdrif þeirra tillagna, sem lagðar voru fram á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna 27. febrúar 2024. Óskað var eftir því að í greinargerðinni kæmi fram með skýrum hætti með hvaða hætti viðkomandi tillögur voru afgreiddar og hvort þær hefðu komist efnislega til framkvæmdar. Á fundi borgarráðs 20. febrúar 2025, var fyrirspurninni vísað til skrifstofu borgarstjórnar. Umrædd greinargerð hefur hins vegar ekki enn borist og gera borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins alvarlega athugasemd við þau vinnubrögð. Ósk um áðurnefnda greinargerð er ítrekuð og jafnframt óskað eftir greinargerð um afdrif tillagna, sem lagðar voru fram á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna 28. janúar. 2025.

Meðfylgjandi eru tillögur fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna frá fundi borgarstjórnar 28. janúar 2025 ásamt afdrifum þeirra

1. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um frístundastyrk til 20 ára aldurs

Lögð fram svohljóðandi tillaga Antons Inga Lárussonar fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að breyta reglum um frístundakort þannig að þær gildi til 20 ára aldurs miðað við fæðingarár. Breytingin skal taka gildi árið 2026.

Greinargerð fylgir tillögunni.  
Vísað til meðferðar menningar- og íþróttaráðs.

Tillagan var lögð fram á fundi menningar- og íþróttaráðs 11. apríl 2025:

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 11. apríl 2025 tók Anton Ingi Lárusson frá ungmennaráði Breiðholts sæti á fundinn og kynnti tillöguna. Samþykkt var að vísa tillögunni til gerðar fjárhagsáætlunar.



**Reykjavík**



2. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um að gerð verði úttekt á túlkun grunnskóla í Reykjavík á hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla við lok 10. bekkjar

Lögð fram svohljóðandi tillaga Sóleyjar Mjallar Ásgeirsdóttur fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að gera úttekt á túlkun grunnskóla í borginni á matsviðmiðum aðalnámskrár við lok 10. bekkjar. Skal úttektin fara fram skólaárið 2026-2027.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Tillagan var lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 5. maí 2025:

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 3. febrúar 2025, þar sem svohljóðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness, sbr. 2. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 28. janúar 2025, er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 28. apríl 2025:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að gera úttekt á túlkun grunnskóla í borginni á matsviðmiðum aðalnámskrár við lok 10. bekkjar. Skal úttektin fara fram skólaárið 2026-2027. Borið hefur á óánægju í samfélaginu varðandi einkunnakerfi grunnskóla.

Greinargerð fylgdi.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins.

3. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um að gera fjármálalæsi að skyldufagi í 8.-10. bekk í Reykjavík

Lögð fram svohljóðandi tillaga Mörtu Maier fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera fjármálalæsi að skyldufagi í öllum 8.-10. bekkjum í grunnskólum í Reykjavík eigi síðar en frá og með hausti 2026.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Tillagan var lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 7. apríl 2025:

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 3. febrúar 2025, þar sem svohljóðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða, sbr. 3. lið fundargerðar borgarstjórnar dags. 28. janúar 2025, er vísað til meðferðar



skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 24. mars 2025:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera fjármálalæsi að skyldufagi í öllum 8.-10. bekkjum í grunnskólum í Reykjavík eigi síðar en frá og með hausti 2026. Greinargerð fylgdi.

Lögð fram svohljóðandi breytingatillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið hvetji skólastjórnendur og kennara í grunnskólum til að halda áfram að efla kennslu í fjármálalæsi á öllum stigum grunnskóla og nýta öll þau tækifæri sem gefast í skólastarfinu til að sinna þessum mikilvæga þætti til að búa nemendur undir líf og starf. Þá er lagt til að skóla- og frístundasvið óski eftir því við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu að fram fari samkeppni um námsefni og kennsluleiðbeiningar fyrir miðstig og unglingastig grunnskóla um fjármálalæsi sem grunnskólar í Reykjavík muni nýta.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn tveimur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknarflokksins situr hjá.

Lögð fram svohljóðandi breytingatillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna:

Skóla- og frístundasvið hefur undanfarin ár, árin 2020 og 2023, lagt könnun fyrir stjórnendur grunnskóla þar sem spurt er um fyrirkomulag kennslu og námsefni í fjármálalæsi í grunnskólum. Lagt er til að enn frekar verði skerpt á þessu eftirliti svo tryggt sé að nemendur í öllum grunnskólum borgarinnar hafi fengið kennslu í fjármálalæsi við lok grunnskóla. Þannig verði fylgt eftir endurskoðaðri aðalnámskrá grunnskóla frá 2024 þar sem fjármálalæsi er talið upp sem hluti af hæfniviðmiðum í stærðfræði, heimilisfræði og samfélagsgreinum við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Tillögunni verði fylgt eftir í næstu könnun sem lögð verður fyrir í maí 2025. Einnig er lagt til að stuðst verði við námsefni sem gefið er út af Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

Breytingatillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn tveimur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknarflokksins situr hjá.

Tillagan er samþykkt svo breytt.

4. Tillaga fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Bústaða og Háaleitis um bætt aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda í Skeifunni

Lögð fram svohljóðandi tillaga Sverris Loga Róbertssonar fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða:





Lagt er til að borgarstjórn feli umhverfis- og skipulagsráði að bæta aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda í Skeifunni og að umbætur hefjist eigi síðar en vorið 2026.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.

Tillagan var lögð fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 19. mars 2025:

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Bústaða og Háaleitis um bætt aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda í Skeifunni, sbr. 4. liður fundargerðar borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna, dags. 28. janúar 2025. Samþykkt.

5. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um að frítt verði í strætó fyrir 18 ára og yngri á höfuðborgarsvæðinu

Lögð fram svohljóðandi tillaga Ragnheiðar Óskar Kjartansdóttir fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beina því til stjórnar Strætó bs. að það verði frítt í strætó fyrir 18 ára og yngri á höfuðborgarsvæðinu frá og með 1. janúar 2027.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um að frítt verði í strætó fyrir 18 ára og yngri á höfuðborgarsvæðinu, sbr. 5. liður fundargerðar borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna, dags. 28. janúar 2025.

Samþykkt að vísa tillögunni til umsagnar Strætó bs. Umhverfis- og skipulagsráð óskar sérstaklega eftir að í umsögninni verði upplýst hvaða tekjur Strætó fær í dag af aldurshópnum 12-17 ára, hver var reynslan af því þegar ókeypis var fyrir námsmenn í strætó frá 2006 – 2010 og hver eru rökin að baki því að gjaldskylda hefst við 12 ára aldur.

Á fundi borgarstjórnar 3. febrúar 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna:

Samstarfsflokkarnir leggja til að gjaldtaka í strætisvögnum, hvort sem er á vegum Strætó bs. eða Almenningsgangna höfuðborgarsvæðisins ohf., verði felld niður vegna reykvískra barna á grunnskólaaldri. Það gildi þangað til grunnskólagöngu lýkur. Borgarstjóra er falið, í samstarfi við fjármála- og áhættustýringarsvið, skóla- og frístundasvið, þjónustu- og nýsköpunarsvið og Strætó bs., að kostnaðarmeta tillöguna og undirbúa framkvæmd hennar. Tillaga að endanlegri útfærslu verði lögð fyrir borgarráð til staðfestingar þannig að hún geti komið til framkvæmda eigi síðar en 1. maí 2026.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.



Reykjavík



6. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um aukið samstarf grunn- og framhaldsskóla vegna framhaldsskólakynninga

Lögð fram svohljóðandi tillaga Magneu Þóreyjar Guðlaugsdóttur fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að finna leiðir til að auka samstarf grunn- og framhaldsskóla í Reykjavík vegna framhaldsskólakynninga fyrir 10. bekkina og hvetji til þess að stóra framhaldsskólakynningin verði haldin árlega að hausti til.

Greinargerð fylgir tillögunni.  
Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Tillagan var lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 5. maí 2025:

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 3. febrúar 2025, þar sem svohljóðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta, sbr. 6. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 28. janúar 2025, er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. apríl 2025:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að finna leiðir til að auka samstarf grunn- og framhaldsskóla í Reykjavík vegna framhaldsskólakynninga fyrir 10. bekkina og hvetji til þess að stóra framhaldsskólakynningin verði haldin árlega að hausti til.

Greinargerð fylgdi.

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi breytingatillögu:

Lagt er til skóla- og frístundasviði verði falið að finna leiðir til að auka samstarf grunn- og framhaldsskóla í Reykjavík vegna framhaldsskólakynninga fyrir 10. bekkina og tryggi að haldnar verði kynningar á framhaldsskólum fyrir grunnskóla borgarinnar, sér í lagi þau ár sem stóra kynningin fer ekki fram í samráði við Reykjavíkurráð ungmenna. Þær lausnir verði lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu.

Breytingatillagan er samþykkt.  
Tillagan er samþykkt svo breytt.

7. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um lífsleikni sem sérstaka námsgrein og samræmdar áherslur og kennsluaðferðir

Lögð fram svohljóðandi tillaga Ragnheiðar Andrésdóttur fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að festa lífsleiknikennslu í grunnskólum borgarinnar í sessi sem sérstaka námsgrein og samræma áherslur og kennsluaðferðir milli grunnskóla í borginni. Miða skal við að unnið verði að samþykktinni skólaárið 2025-2026.



Greinargerð fylgir tillögunni.  
Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Tillagan var lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 12. maí 2025:

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 3. febrúar 2025, þar sem svohljóðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, sbr. 7. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 28. janúar 2025, er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 28. apríl 2025:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að festa lífsleiknikennslu í grunnskólum borgarinnar í sessi sem sérstaka námsgrein og samræma áherslur og kennsluaðferðir milli grunnskóla í borginni. Miða skal við að unnið verði að samþykktinni skólaárið 2025-2026.

Greinargerð fylgdi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi breytingatillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundasviði sé falið að fylgja því eftir að kennsla í lífsleikni fari fram í grunnskólum. Einnig er lagt til að skóla- og frístundasvið hvetji mennta- og barnamálaráðuneytið og miðstöð menntunar og skólaþjónustu til að tryggja fjölbreytt úrval námsgagna sem nýtist í lífleikni.

Breytingatillagan er samþykkt.  
Tillagan er samþykkt svo breytt.

8. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að húsnæði félagsmiðstöðva samræmist viðmiðum og stefnum Reykjavíkurborgar

Lögð fram svohljóðandi tillaga Ísgerðar Esju Nóadóttur fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að beita sér fyrir því að allar félagsmiðstöðvar hafi til umráða húsnæði og búnað til að halda úti faglegu félagsmiðstöðvastarfi í samræmi við viðmið og stefnur Reykjavíkurborgar eigi síðar en haustið 2028.

Greinargerð fylgir tillögunni.  
Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Tillagan var lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 8. september 2025:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 8. september 2025 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 3. febrúar 2025, þar sem svohljóðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, sbr. 8. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 28. janúar 2025, var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. ágúst 2025:



Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að beita sér fyrir því að allar félagsmiðstöðvar hafi til umráða húsnæði og búnað til að halda úti faglegu félagsmiðstöðvastarfi í samræmi við viðmið og stefnur Reykjavíkurborgar eigi síðar en haustið 2028.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var lögð fram svo breytt:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að beita sér fyrir því að allar félagsmiðstöðvar hafi til umráða húsnæði og búnað til að halda úti faglegu félagsmiðstöðvastarfi í samræmi við viðmið og stefnur Reykjavíkurborgar eigi síðar en haustið 2028.

Tillagan var samþykkt

Tillagan var samþykkt svo breytt.

